



13. fundur stjórnar SSA 23. – 24. ágúst 2015

Fundurinn hófst 23. ágúst kl. 14.30 að Silfurbergi í Breiðdal. Gert var hlé á fundinum kl. 18.30 en honum framhaldið kl. 8.30 24. ágúst. Mættir voru Sigrún Blöndal, Hákon Hansson, Gunnar Jónsson, Stefán Grímur Rafnsson, Gauti Jóhannesson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 12. stjórnarfundi SSA og frá 5. fundi samgöngunefndar lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar frá:
Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS), Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur
 - a) Bókun frá bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps um menningarsamninga milli sveitarfélaga. Samþykkt að vísa bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs um menningarsamning á milli sveitarfélaga til umfjöllunar mennta- og menningarmálanefndar á aðalfundi. Kosning oddvita og varaoddvita Vopnafjarðarhrepps. Til kynningar.
 - b) Skýrsla um fasteignamat 2016. Lagt fram til kynningar og vísað til umfjöllunar sveitarfélaganna.
 - c) Kynning á tillögu að kerfisáætlun. Lagt fram til kynningar.
 - d) Breytt fyrirkomulag við samningsgerð hvað varðar svæðisbundið samstarf á sviði ferðamála. Lagt fram til kynningar. **Stjórn SSA telur brýnt að ráðherra ferðamála skýri hvernig framtíðarskipan þessara mála eigi að vera áður en lengra verður gengið í breytingum á fyrirkomulagi.**
 - e) Þjóðarsáttmáli um læsi. Lagt fram til kynningar. **Stjórn SSA fagnar áherslu á læsi en brýnir ráðherra mennta- og menningarmála að tryggja að störfum ráðgjafa í verkefninu verði dreift um landið og haft verði gott samstarf við skólaskrifstofur og fræðsluyfirvöld.**
 - f) Úrsögn varamanns úr samgöngunefnd. **Stjórn SSA vísar erindinu til aðalfundar.**
 - g) Formennska í landshlutasamtökum. Lagt fram til kynningar.

2. Aðalfundur SSA 2. – 3. október 2015.

1. Drög að dagskrá aðalfundar SSA 2015.
 - a) Tillögur að umfjöllunarefnum fyrir aðalfund SSA 2015

- i. Erindi frá Starfa – Starfsendurhæfingu Austurlands.
Verkefnisstjóra falið að óska eftir því við framkvæmdastjóra að taka saman kynningu á málefnum Starfa fyrir aðalfund sem vísað verði til umfjöllunar allsherjarnefndar.
Framkvæmdastjóra verði boðið að sitja fund nefndarinnar undir þeim lið.
 - ii. Erindi frá svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs - austursvæðis.
Verkefnisstjóra falið að óska eftir því við formann að taka saman kynningu á málefnum fyrir aðalfund sem vísað verði til umfjöllunar byggða- og atvinnunefndar. Formanni verði boðið að sitja fund nefndarinnar undir þeim lið.
 - iii. Ýmsar tillögur. Tillögu Guðrúnar Áslaugar Jónsdóttur um að fjallað verði um fjárveitingar til Austurlands vegna háskólanáms er vísað til mennta- og menningarmálanefndar.
Verkefnisstjóra falið að óska eftir samantekt frá GÁJ um málið sem lögð verði fyrir nefndina. Tillögu Elfu Hlínar Pétursdóttur um kynningu á helstu niðurstöðum rannsóknarinnar „Heima er þar sem eyjahjartað slær“ er sömuleiðis vísað til mennta- og menningarmálanefndar en einnig byggða- og atvinnumálanefndar.
Verkefnisstjóra falið að óska eftir samantekt frá EHP um málið sem lögð verði fyrir nefndina.
 - iv. Erindi frá sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps. Stjórn SSA samþykkir að vísa erindinu til sveitarstjóra sveitarfélaganna til frekari umfjöllunar.
2. Unnin drög að ályktunum fyrir aðalfund SSA 2015. Verkefnisstjóra falið að senda drögin til sveitarfélaga til kynningar og fylgja þeim eftir með fundum.
3. Undirbúningur fyrir aðalfund.
 - a) Formenn starfsnefnda. Gengið frá tilhögun og verkefnisstjóra falið að hafa samband við hlutaðeigandi.
 - b) Undirbúningur mála fyrir starfsnefndir
 - i. samningur um skráningu milli Héraðsskjalasafns og SSA.
Samþykkt að vísa til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 og sömuleiðis til umfjöllunar fjárhagsnefndar.
 - ii. breytingar á skipan í stjórn HAUST. Fjarðabyggð mun tilnefna nýjan fulltrúa fyrir sína hönd. Skipan nýrrar stjórnar verður kynnt á aðalfundi.
 - iii. drög að ársreikningi fyrir árið 2014 og ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 lögð fram til kynningar og umfjöllunar. Formanni og verkefnisstjóra falið að ganga frá ársreikningi. Verkefnisstjóra sömuleiðis falið að ganga frá fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.
 - iv. tillögur að stjórnarlaunum fyrir komandi starfsár. Stjórn SSA leggur til að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi á launagreiðslum til formanns en laun að öðru leyti óbreytt.

- v. tillögur að árgjöldum sveitarfélaga til SSA fyrir árið 2015. Stjórn SSA leggur til að stuðst verði við fyrra form við útreikninga árgjalda sveitarfélaga en þeir taki að öðru leyti mið af fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2016.
- c) starfsreglur stjórnar lagðar fram til samþykktar. Stjórn SSA samþykkir starfsreglurnar.
 - d) drög að skýrslu stjórnar lögð fram til kynningar. Verkefnisstjóra falið að gera minniháttar breytingar og senda stjórn til samþykkis.
 - e) Menningarverðlaun SSA 2015. Verkefnisstjóra falið að efna til kosningar um fyrirbyggjandi tilnefningar á meðal aðal- og varamanna í stjórn. Verðlaunafé verður óbreytt frá fyrra ári.
 - f) Heiðursgestur aðalfundar SSA. Formanni falið að ganga frá málinu.
 - g) Farið yfir drög að breytingum á samþykktum.

3. Önnur mál.

1. Áhersluverkefni sóknaráætlunar – samþykkt stjórnar. Stjórn SSA staðfestir fyrri ákvörðun sína um áhersluverkefni með formlegum hætti.
2. Flugvallarverkefni – markaðssjóður. Stjórn SSA felur verkefnisstjóra að boða til fundar með sveitarstjórum í landshlutanum og verkefnisstjóra flugvallarverkefni hið fyrsta. Mikilvægt er að fyrir þann fund liggi fyrir hugur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og sveitarfélaga á norðausturhorninu til þátttöku í verkefninu.
3. Málefni Austurbrúar. ***Stjórn SSA kallar eftir sex mánaða uppgjöri frá Austurbrú fyrir næsta stjórnarfund sinn sem áætlaður er 22. september nk.***

Næsti fundur ákveðinn 22. september nk. á Seyðisfirði.
Fundi slitið kl. 12.30.